

71

29. des.

L Ö G

um gengisviðauka.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1935 að innheimta með 25% viðauka tolla af allskonar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3. og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41 27. júní 1921), gosdrykkjum allskonar, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, sódatvni, tegrasi, svo og af vitagjaldi, aukatekjum ríkissjóðs, þeim, er taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, stimpilgjaldi samkv. lögum nr. 75 27. júní 1921 og ennfremur af verðtolti (sbr. lög nr. 47 15. júní 1926, l. nr. 5 3. apríl 1928 og l. nr. 11 2. júní 1933), þó ekki af verðtolti af vörum þeim, er greinir í lögum nr. 83 19. júní 1933 og auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, og eigi heldur af skófatnaði, öðrum en lakk-, flos- og silkiskóm, og oliúfatnaði.

Viðaukinn skal reiknaður þannig, að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast $\frac{1}{2}$ eyrir eða herra brot sem heill eyrir, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í 1. gr., tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem út eru gefin vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð. Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 29. desember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.